

Sveitarfélagið Skagafjörður  
Skagfirðingabraut 21  
550 Sauðárkrókur

Reykjavík, 23. ágúst 2019

UST201905-100/S.M.

08.14.02

### Lokunareftirlit á aflagðan urðunarstað Sveitarfélagsins Skagafjarðar

Þann 29. maí sl. fór fram eftirlit á aflagðan urðunarstað Sveitarfélagsins Skagafjarðar í Skarðsmóum. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.


#### Engin ábending var gerð í eftirlitinu en tvö frávík komu fram er varða:

1. Gr. 1.4 í fyrirmælum um frágang og vöktun. Rekstraraðili skal haga frágangi í samræmi við þær ráðstafanir sem kynntar eru í lokunaráætlun sveitarfélagsins. Ljúka skal yfirborðsfrágangi eigi síðar en vorið 2015. Enn er talsvert af úrgangsefnum, s.s. plasti, á yfirborði sem bendir til þess að yfirborðslag sé ekki fullnægjandi.
2. Gr. 1.7 í fyrirmælum um frágang og vöktun. Rekstraraðili skal skila niðurstöðum skráninga til Umhverfisstofnunar fyrir 1. maí ár hvert. Skráningum fyrir árið 2018 hefur ekki verið skilað.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 13. september, 2019.

Virðingarfyllst

  
Sigríður Magnúsdóttir

  
Frigg Thorlacius

Afrit: Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Sveitarfélagið Skagafjörður Skarðsmóar við Sauðárkrók



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	29.5.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Sveitarfélagið Skagafjörður	Eftirlitsmaður	
Heimili	Skagfirðingabraut 17 Sauðárkróki	Tegund eftirlits	Lokunareftirlit
Kennitala	5506982349	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Indriði Þ. Einarsson	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	470728,446 583246,308

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit komu fram tvö frávik frá fyrirmælum um frágang og vöktun er varða frágang urðunarstaðarins og skil á skráningum.

## UMFANG EFTIRLITS

Fyrirmæli um frágang og vöktun aflagðs urðunarstaðar Sveitafélagsins Skagafjarðar tóku gildi 14. ágúst 2014. Farið var í lokunareftirlit á urðunarstaðinn þann 29. maí s.l. þar sem tekið var út hvort frágangur á urðunarstaðnum væri í samræmi við fyrirmæli.

Gengið var um urðunarstaðinn með fulltrúa rekstraraðila. Svæðið er afgirt og hlið læst. Sléttað hefur verið úr jarðvegi og sáð í yfirborð. Brunnar hafa verið settir niður, einn ofan urðunarstaðarins og tveir neðan hans. Afrennslishalli er á svæðinu svo ekki safnast þar yfirborðsvatn og fellur landmótun svæðisins vel að landslagi.

Við skoðun reyndist talsvert af úrgangsefnum, s.s. plasti, vera á yfirborði urðunarstaðarins og bendir það til þess að yfirborðslag sé í samræmi við fyrirmæli. Yfirborðslag við lokafrágang urðunarstaðar skal vera 1 m á þykkt.

Skráningum skv. gr. 1.7 í fyrirmælum um frágang og vöktun hefur ekki verið skilað.

### Frávik frá

### Lýsing á fráviki

gr. 1.4

Rekstraraðili skal haga frágangi í samræmi við þær ráðstafanir sem kynntar eru í lokunaráætlun sveitafélagsins. Ljúka skal yfirborðsfrágangi eigi síðar en vorið 2015. Enn er talsvert af úrgangsefnum, s.s. plasti, á yfirborði sem bendir til þess að yfirborðslag sé ekki fullnægjandi.

gr. 1.7

Rekstraraðili skal skila niðurstöðum skráninga til Umhverfisstofnunar fyrir 1. maí ár hvert. Skráningum fyrir árið 2018 hefur ekki verið skilað.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 22.08.2019

*Sigríður Magnúsdóttir*

Sigríður Magnúsdóttir